

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykholts 1986-2006, Borgarfjarðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. júní 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykholts 1986-2006 frá 4. febrúar 1987.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Svæði fyrir opinbera stofnun ofan safngötu breytist í opið svæði til sérstakra nota.
- Aðkoma að íbúðarsvæði ofan safngötu breytist.
- Lóð hótels sem áður var skilgreind sem stofnanasvæði, opið og óbyggt svæði og opið svæði til sérstakra nota, breytist í verslunar- og þjónustusvæði.
- Svæði fyrir opinberar stofnanir neðan safngötu stækkar og tekur þar með yfir Snorrastofu, báðar kirkjurnar og aðkomusvæði þeirra, fyrrverandi skólahús og fornminjasvæði vestan og sunnan hótellóðar. Hluti þessa svæðis var áður skilgreindur sem opið óbyggt svæði og opið svæði til sérstakra nota.
- Við Snorrargarð er fært inn bílastæði frá vegi 518 á opnu svæði til sérstakra nota sem jafnframt stækkar að safngötunni.
- Innan nýja stofnanasvæðisins er mörkuð þjóðminjavernd á kirkjugarðinn og fornminjasvæðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. júní 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*